

Sp.

123. Nefndarálit

[19. mál]

um till. til þál. um aðild Íslands að allsherjarsamningi um höfundarétt.

Frá allsherjarnefnd.

Með samningi þeim um höfundarétt, sem gerður var í Geneve 6. sept. 1952 og hér er lagt til að Ísland gerist aðili að, hafa fleiri ríki en eru í Bernarsambandinu gert gagnkvæman samning um verndun höfundaréttar, þó ekki eins viðtækan og milli aðildarríkja Bernarsambandsins. Þannig er t. d. í allsherjarsamningnum miðað við það, að verndartímabilið sé eigi styttra en ævi höfundar og aðeins 25 ár eftir lát hans. Mörg ríki, þar á meðal voldug stórveldi, svo sem Bandaríki Norður-Ameríku og Ráðstjórnarríkin, hafa aldrei gerzt aðilar að sáttmálanum. En af þeim hafa nú eftirtalin ríki gerzt aðilar að áðurgreindum allsherjarsamningi: Andorra, Argentína, Austurríki, Chile, Cuba, El Salvador, Guatemala, Haiti, Honduras, Liberia, Mexico, Nicaragua, Uruguay, Bandaríkin og San Marino.

Nefndinni virðist eðlileg afleiðing af því, að Ísland er aðili að Bernarsambandinu, að það gerist einnig aðili að allsherjarsamningi þeim, er hér um ræðir. Leggur hún því til, að tillagan verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 31. okt. 1953.

Bernh. Stefánsson,
form., frsm.

Karl Guðjónsson.

Jón Sigurðsson,
fundaskr.

Sig. Ágústsson.
Jóh. Þ. Jósefsson.

Eiríkur Þorsteinsson.

Emil Jónsson.